

## AUGLÝSING

um gildistöku reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3577/92 frá 7. desember 1992 um beitingu meginreglunnar um frjálsa þjónustustarfsemi í flutningum á sjó innan aðildarríkjanna (gestaflutningar á sjó).

1. gr.

Ákvæði ákvörðunar sameiginlegu nefndarinnar nr. 70/97 frá 4. október 1997 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn skal koma aftan við 53. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3577/92 frá 7. desember 1992 um beitingu meginreglunnar um frjálsa þjónustustarfsemi í flutningum á sjó innan aðildarríkjanna (gestaflutningar á sjó) með þeirri aðlögun er þar greinir.

2. gr.

Reglugerðin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

3. gr.

Auglýsing þessi sem birt er samkvæmt heimild í siglingalögum nr. 34/1985 með síðari breytingum tekur þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 13. ágúst 1998.*

**Halldór Blöndal.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

## AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi svæðis fyrir hestamennsku við Kaldárselsveg í Hafnarfirði.

Bæjarráð Hafnarfjarðar í umboði bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hefur samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. samþykkt 16. júlí 1998 breytingu á deiliskipulagi svæða fyrir hestamennsku við Kaldárselsveg. Við þetta fellur úr gildi deiliskipulag, sem staðfest var af félagsmálaráðherra 30. nóvember 1990. Í breyttri tillögu er gert ráð fyrir að falla frá frekari áformum um uppbyggingu hesthúsa og félagsaðstöðu í Hlíðarþúfum. Öll uppbygging hesthúsa ásamt félags- og keppnisaðstöðu hestamanna er flutt suður fyrir skógræktarsvæðið við Kaldárselsveg.

Breyting þessi er samkvæmt uppdrætti Sigurþórs Aðalsteinssonar frá 11. febrúar 1997. Breyting þessi öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 17. ágúst 1998.*

**Jóhannes S. Kjarval,**  
skipulagsstjóri Hafnarfjarðar.